

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. nóvember 2016

UST201610-185/S.A.J.

10.05.04

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - strenglagning um Brekkugjá

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð er lagning jarðstrengjar um Brekkugjá milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar. Fyrir var loftlína sem skemmdist í ísingarveðri í janúar 2014. Til bráðabirgða var lagður jarðstrengur ofan á snjó í skarðinu u.p.b. tveggja km leið. Fyrir liggur að grafa strenginn í jörðu.

Samkvæmt upplýsingum er koma fram í greinargerð þá verður strengurinn grafinn mjög grunnt, milli 20-50 cm djúpt, þar sem líttill jarðvegur er og mikil urð og grjót á leiðinni. Breidd skurðarins yrði um 60 cm og heildar raskað svæði um 120 cm breitt. Til að koma tækjum á svæðið yrði notast við gamlan slóða frá þeim tíma er línan var lögð upphaflega í samkomulagi við landeigendur. Ekkert efni verður flutt á eða frá vinnusvæðinu. Umhverfisstofnun telur að með vönduðum vinnubrögðum verði hægt að koma í veg fyrir að rask hljótist af framkvæmdinni og ættu ummerki að hverfa fljótt.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá ber að forðast að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár og ber að fylgja þeirri málsmæðferð sem þar kveður á um í 37. gr. laganna.

Beðið er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

A. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
teymisstjóri

Sverrir Áðalsteinn Jónsson  
Sérfræðingur